



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Hamraborg 9
200 Kópavogi

Kópavogur, 2. desember 2021
2111032 JKÁ

Efni: Minnisblað. Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins. Verkefnarammi og áherslur 2022

Til stjórnar SSH


Gerð er tillaga um að unnið verði innan eftirfarandi ramma við mótun verkefna Sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins fyrir árið 2022:

- 1. Nýsköpun (11 m.kr.)** Efnt verði til samkeppnisverkefna innan tveggja aðalkafla Sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins, *Velferð og samfélag og Umhverfis-og samgöngumál*. Lögð verði áhersla á verkefni sem tengja saman sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og atvinnulíf. Við utanumhald verkefna verða nýttir ferlar og rammi Sóleyjar sjóðsins, sem þegar er vistaður hjá SSH.
- 2. Höfuðborgarsvæðið sem staðarvalkostur - Location Reykjavik Capital Area (5 m.kr.)** Vinnsla og miðlun upplýsinga um höfuðborgarsvæðið sem staðarvalkost.
- 3. Forvarnir – geðrækt hjá ungmennum (11 m.kr.)** Gert er ráð fyrir að koma á fót samstarfsvettvangi innan SSH um eflingu og aukið samstarf á sviði forvarna og geðrækt hjá ungmennum á höfuðborgarsvæðinu. Tilgangur vettvangsins verður þverfaglegt samráð um innleiðingu á stefnu í málaflokknum, auk þess að miðla þekkingu og reynslu á sviðinu.
- 4. Fræðslumál (3 m.kr.)** Sérstaklega er horft til að vekja athygli á og miðla niðurstöðum á verkefnum Sóknaráætlunar á sviði umhverfis og samgöngumála.
- 5. Samgönguáætlun höfuðborgarsvæðisins (3 m.kr.)** Skoðað verði að höfuðborgarsvæðið mótí sér sérstaka samgönguáætlun til langs tíma.

Miðað við fyrirliggjandi tillögur er gert ráð fyrir að framlag ríkisins verði 28 m.kr. og framlag SSH 5.0 m.kr. samtals 33.0 m.kr.

Kópavogi 2. desember 2021

Virðingarfyllst,



Páll Björgvin Guðmundsson
framkvæmdastjóri SSH